

## AUGLÝSING

um

80

2. desbr.

**viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 og viðauka við þá auglýsingu, dags. 27. des. 1926 og 21. nóv. 1927, um innflutningsbann.**

Innflutningsbann það, er um getur í auglýsingu 10. des. 1926 og viðauka við þá auglýsingu, dags. 27. des. 1926, skal ennfremur ná til Frakklands, Sviss, Póllands og Tjekkoslavakíu og einnig skal innflutningsbann það, sem um ræðir í auglýsingu 21. nóv. þ. á. um viðauka við auglýsingu 10. des. 1926 ná til: Hollands, Belgíu, Þýskalands, Sviss, Frakklands, Póllands og Tjekkoslavakíu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. des. 1927.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vigfús Einarsson.*

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Aðalsteins Ólafssonar frá Hvallátrum, útgefin á venjulegan hátt <sup>5. desbr.</sup> ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 5. desember 1927. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**minningarsjóð Aðalsteins Ólafssonar frá Hvallátrum.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Aðalsteins Ólafssonar“ og er stofnaður af fjelaginu „Árblik“ í Flateyjarhreppi, til minningar um Aðalstein Ólafsson búfræðing frá Hvallátrum á Breiðafirði, er dó 26. apríl 1923.

81  
5. desbr.

2. gr.  
Stofnfje sjóðsins er kr. 100,00 — eitt hundrað krónur, — sem ávaxtast skal af Söfnunarsjóði Íslands.

3. gr.  
Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun þeim mönnum í Flat-eyjarhreppi, er skara sjerstaklega fram úr í góðri meðferð á búfje. Sem dæmi upp á góða meðferð má nefna: Að vel sje farið með skepnur í flutningum, að búfjenaður sje vel alinn, að hirðing sje góð í peningshúsum og að húsinn sjeu björt og loftgóð, að hey sjeu vel verkuð, að búfje sje ekki látið á útigang. Ennfremur má veita mönnum verðlaun úr sjóðnum fyrir auðsýnt sjerstakt hugrekki og snarræði við björgun búfjár úr sjávarháska eða annari hættu.

4. gr.  
Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Auka skal höfuðstólinn með því að bæta við hann árlega vöxtum, gjöfum til hans og öðrum óvissum tekjum, þar til hann er orðinn 500 krónur að upphæð. Þegar sjóðurinn hefir náð þessari upphæð, má fyrst fara að veita verðlaun úr honum, þó skal halda áfram að bæta við hann vöxtunum annaðhvert ár, þar til sjóðurinn er orðinn 4000 kr. — fjögur þúsund krónur.

5. gr.  
Verðlaun úr sjóðnum má veita annaðhvert ár og ekki fleirum en tveimur í senn. Skulu verðlaunin vera  $\frac{3}{5}$  og  $\frac{2}{5}$  af því fje, sem úthlutað er.

Komi það fyrir eitthvert ár, að engum verðlaunum úr sjóðnum verði úthlutað, skal leggja það fje, er þannig sparast, við höfuðstólinn.

6. gr.  
Ekki má úthluta til verðlauna meiru en 100 kr. í senn, en þegar ársvextir eru orðnir meiri en það, skal leggja afganginn við höfuðstólinn, sbr. þó 7. gr.

7. gr.  
Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 4000 krónur, má verja nokkru af vöxtum hans, á tveggja eða nokkurra ára fresti, til að styrkja unga efnilega menn úr Flateyjarhreppi til búnaðarnáms hjer eða erlendis.

8. gr.  
Sjóðurinn skal vera undir umsjón fjelagsins „Árblik“. Skal það fjelag kjósa 5 menn í dómnefnd, er ákveði, hverjum beri verðlaun úr sjóðnum. Í þeirri nefnd skal jafnan vera einn forðagæslumaður

hreppsins, ef nokkur er. Einnig skal „Árblik“ sjá um, að ákvæði þessarar skipulagsskrár sjeu uppfyllt að öðru leyti. 81  
5. desbr.

Á hverjum ársfundi fjel. „Árblik“ skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

Leggist fjel. „Árblik“ niður, skal sjóðnum stjórnað af búnaðarfjelagi hreppsins, ef nokkurt er, annars af nreppsnefnd Flateyjarhrepps, og hefir þá búnaðarfjelagið eða hreppsnefndin sömu skyldum að gæta og að ofan er skráð.

#### 9. gr.

Dómnefnd skal kosin til 4 ára í senn og skal hún gera sjer far um að kynnast sem best öllu er að því lýtur, að verðlaunum verði úthlutað rjettlátlega.

Verðlaun skulu afhent í maímánuði.

STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Eggerts Ólafssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 16. desember 1927. Skipulagsskráin er þannig: 82  
16. desbr.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Eggerts Ólafssonar.**

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Eggerts Ólafssonar“ og er hann til orðinn af samskotafje, er safnað hefir verið með frjálsum samskotum síðastliðin 10 ár fyrir forgöngu Hins íslenska náttúrufræðisfjellags. Jafnframt gerði dr. Helgi Jónsson, grasafræðingur, á deyjanda degi ráðstöfun til þess, að andvirði náttúrugripasafns hans gangi til minningarsjóðsins; myndar það sjerstaka deild, er nefnist „Dánargjöf dr. Helga Jónssonar.“

#### 2. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að höfuðstólinn má aldrei skerða, en af ársvöxtunum greiðist árlega til sjóðsstjórnarinnar 600 — sex hundruð — krónur ásamt